

Fundargerð minjaráðs Norðurlands eystra þann 5. september 2025 kl. 10:00 í Menningarhúsinu Bergi Dalvík

Viðstaddir: Guðmundur Ögmundsson, Björk Hólm Þorsteinsdóttir, Baldur Daníelsson, Knútur Emil Jónasson og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Minjavörður fór yfir helstu fréttir af minjasvæðinu. Bæði almennt um stöðu mála, leiðir stofnunarinnar til að bregðast við miklu álagi á minjavörðum sem og þá stöðu sem er uppi í húsnæðismálum, en skrifstofuhúsnæðið sem Minjastofnun leigir verður lokað fram til um miðjan nóvember vegna mygluviðgerða.
2. Dagská minjaráðs. Minjastofnun hefur ákveðið að fækka fundum minjaráða út fjórum í þrjá á ári, og þar af er einn sameiginlegur fundur á teams. Minjavörður mun senda könnun á minjaráðsfulltrúa til að kanna hvenær á árinu best væri að halda aðra fundi.
3. Ársfundur Minjastofnunar verður haldinn þann 27. nóvember í lðnó. Þann dag verður einnig haldið málþing um tengt því að 50 ár eru síðan evrópska húsverndarárið var haldið árið 1975.
4. Friðlýsingar menningarminjar, minjavörður ræddi þær friðlýsingar sem væru í vinnslu á svæðinu, og óskaði eftir hugmyndum um fleiri friðlýsingum. Nokkrar hugmyndir komu fram sem friðlýsingarteymi Minjastofnunar mun taka til skoðunar
5. Málefni Hofstaða voru rædd, þar á meðal framtíð vettvangsskólans sem og fund með þingmönnum, ráðherra og sveitastjórnarfólki sem haldinn var á Hofstöðum þann 6. ágúst sl.
6. Farið stuttlega yfir fornleifarannsóknir sumarsins á minjasvæðinu
7. Evrópska húsverndarárið 1975 - 50 ára tímamót, minjavörður greindi frá þeim viðburðum sem Minjastofnun kemur að í samstarfi við Minjasafnið og bent minjaráðsfulltrúum á að láta stofnunina vita af viðburðum á árinu sem falla að þessu þema.
8. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið um 11:30.

Björk Hólm Þorsteinsdóttir forstöðumaður Menningarhússins Bergs fræddi okkur um fjölbreytta starfsemi menningarhússins.